

Nd.

91. Frumvarp til laga

[81. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 39/1946, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 4 milljónum“ á tveimur stöðum í 3. gr. laga nr. 34/1943 komi: allt að 20 milljónum.

2. gr.

2. gr. laga nr. 39/1946 orðist svo:

5. gr. laga nr. 34/1943 orðist svo:

Til skipa, dráttarbrauta og oliugeyma má lána gegn fyrsta veðrétti allt að helmingi virðingarverðs, þó aldrei hærra lán en 500 þús. kr. Til stofnunar iðjufyrirtækja má lána allt að $\frac{2}{3}$ virðingarverðs, þó ekki hærri upphæð en 1 milljón. Nú stofnar sama iðjufyrirtæki fleiri en eina iðjugrein, og skal þá ákvæðið um hámark lánsfjár gilda um hverja um sig. Lengsti lánstími er 20 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu felast tvö nýmæli. Hið fyrra, að lánsheimild fiskveiðasjóðs Íslands verði hækkuð úr 4 millj. kr. upp í 20 millj. kr. Hið síðara, að lán úr sjóðnum til iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar megi nema allt að $\frac{2}{3}$ virðingarverðs í stað helmings, eins og nú er í lögum, og að jafnframt megi einstakt lán til iðjufyrirtækis nema allt að 1 millj. kr. í stað 500 þús. kr. nú.

Víða um land er nú brýn þörf á að koma upp fiskiðjuverum ýmiss konar, svo sem frystihúsum, saltfiskverkunarstöðvum, lifrarbræðslustöðvum og fiskimjölsverksmiðjum (sem jafnframt gætu unnið úr síldarúrgangi). Margir stofnendur slíkra fyrirtækja komast ekki af með að fá helming kostnaðarverðs eða 500 þús. kr. út á 1. veðrétt, enda eru gildandi ákvæði um þetta efni sett 1946, og síðan hefur stofnkostnaður slíkra fyrirtækja hækkað til muna.

Ef fiskveiðasjóður á að geta gegnt hlutverki sínu, er nauðsynlegt að hækka til mikilla muna þá lánsheimild, sem hann hefur nú, því að vart er hugsanlegt, að hann geti framvegis sem hingað til starfað nær eingöngu með eigin fé.